



á leik



Ein frægasta bygging Mario Botta er bústaður í Cadenazzo í Sviss.



Erskine í hópinn, en þetta er í fyrsta skipti sem efnt er til samkeppni fyrir sýninguna. „Mér fannst það víðeigandi því Ísland er lítið land og það var áhugi fyrir því hjá Arkitektafélagi Íslands,“ segir Kirsten ánægð með niðurstöðuna. „Ég hef einnig boðið ungum dönskum arkitekti, Karina Tengberg, sem fulltrúa kynslóðar framtíðarinnar á sýninguna á Kjarvalsstöðum.“

Kirsten stefnir á að næsti áfangastaður Garðhúsabæjarins verði Bandaríkin, en hún er einnig með aðra farandsýningu í gangi á verkum Frank O. Gehry sem upphaflega var sett upp í Louisiana safninu í Danmörku. Þá er Kirsten Kiser ritstjóri vefsíðunnar www.arcspace.com þar sem hægt er að finna allt um byggingarlist samtímans, auk heitustu arkitektufréttanna, líka frá Íslandi. — MEÓ

Sjá einnig „Garðhús íslenskra barna“ í miðopnu.

vetrardögum,“ segir Hjördís. „Síðan er hægt að fara upp stiga, sem liggur utan um arininn, upp á aðra hæð, þar sem líka eru sæti. Úr þeim má horfa upp í himinninn á stjörnur, norðurljós eða miðnætursólina, í gegnum kúpt glerþak.“ „Efri hæðin er til að nota þegar veðrið er fallet,“ áréttar Dennis. „Þannig sést hvernig það er gert. Þegar sýningunni lýkur verður það sent út til Danmerkur í garð í Vallensbæk, utan við Kaupmannahöfn, og sett þar upp með garðhúsum hinna arkitektanna.“

Flytur út



„Þetta er ekki beinlínis hús sem þú myndir byggja við hliðina á karöflugardinum þínum, heldur er það meira hugsað sem athvarf frá amstri dagsins,“ segir Hjördís. „Hér áður fyrr var garðhúsið ástæða til að

komast út úr borginni, þó fólk hafi líklega fengið skikann að hluta til vegna kreppunnar. Hann var því líka hvatning til fólks um að bjarga sér.“


„Garðhúsið okkar hefur verið byggt í fullri stærð fyrir sýninguna á Kjarvalsstöðum, en verður sett upp eins og það sé enn í byggingu,“ segir Dennis. „Þannig sést hvernig það er gert. Þegar sýningunni lýkur verður það sent út til Danmerkur í garð í Vallensbæk, utan við Kaupmannahöfn, og sett þar upp með garðhúsum hinna arkitektanna.“

Á sýningunni verður húsið sjálft sett upp í miðrymi Kjarvalsstaða, en módelið af því og öllum hinum húsunum ásamt teikningum arkitektanna og myndböndum frá Vallensbæk og af ekta dönskum garðhúsabæ verða í Vestursalnum.

— MEÓ



Alvaro Siza teiknaði Serralaves nútímalistasafnið í Porto sem opnaði fyrir ári síðan.



„Ég lít svo á að með því að fræða almenning og skólanemendur um þeirra nánasta umhverfi séum við að styrkja byggðirnar. Við skulum ekki gleyma því að skólar eru afar áhrifamiklir í allri mótun ungs fólks,“ segir Bragi Guðmundsson. MYND: SBS.

Markmiðið fráleitt að rækta heimóttir

Bókin Líf við Eyjafjörð kemur út í haust. Fjörðurinn fagri í brennidepli og fræðsla fyrir skólanema jafnt sem almenning. Grenndarkennslu ber að auka, segir ritstjóri bókarinnar.

Um þessar mundir er verið að leggja lokahönd á gerð bókarinnar Líf í Eyjafirði sem fjölmargir vísinda- og fræðimenn skrifa undir ritstjórn Braga Guðmundssonar, dósentis við kennaradeild Háskólans á Akureyri. Í bókinni er fjallað um líf í og við fjörðinn, það er frá botni hans og upp á efstu brúnir - svo sem um líf örvera, sjávarvera, dýra, plantna og fugla, en einnig um byggðir og mannlíf, minjar og bækur. „Bókin er fræðibók en hún á einnig að vera aðgengileg öllum almenningi sem vill vita meira um lífið við fjörðinn. Við viljum ná til sem flestra með þessu riti og vonumst til að það komi að góðum notum í skólastarfi á öllum stigum. Ég hef ævinlega talað fyrir því að þáttur grenndarkennslu sé aukin og menn hugi vandlega að því hvaða viðfangsefni eru valin í skólum landsins. Það er edlileg og sjálfsgöð námsaðferð að vinna út frá sínu nánasta umhverfi þegar það er hægt,“ sagði Bragi, þegar blaðamaður Dags ræddi við hann um gerð þessarar bókar.

Að efla sjálfsvitund íbúa tiltekings byggðarlags

Höfundar bókarinnar eru alls 22, hver sérfræðingur á sínu sviði og allir búsettir á Norðurlandi. Fyrsta vinna við bókina hófst fyrir um ári, en hugmyndina segir Bragi vera mun eldri: „Ég veit ekki til þess að bók sambærileg þessari hafi nokkru sinni verið gefin út áður vegna þess að hún gengur

út frá hugmyndafræði og mikilvægi grenndarinnar. Hér reynum við að skilgreina mikilvægi þess að efla sjálfsvitund íbúa tiltekings byggðarlags og styrkja þá til búsetu með því að fjalla nákvæmlega um umhverfi þeirra og leggjum upp raunveruleg dæmi um hvernig hægt er að vinna með það. Það hafavissulega komið út allmargar bækur sem fjalla jöfnum höndum um náttúru og menningu, landslag, sögu og sérkenni einstakra svæða. Dæmi um slíkt eru Ferðabók Eggerts og Bjarna, margvísleg skrif Þorvaldar Thoroddsens, Landið þitt Ísland og Árbækur Ferðafélags Íslands. Slíkar bækur eru dýrmætastar og þær standa svo sannarlega í baksviði okkar bókar.“

Um margt má fræðast með því að skoða það sem nærri er, segir Bragi og nefnir þar Akureyri sem dæmi. Jarðfræðin verður til dæmis, að hans sögn, mörgum sem opin bók með því að skoða hvalbókin; jökulsorfnar klappir í Gerðahverfinu á Brekkunni á Akureyri. „Götu-nöfnin segja líka sína sögu um þennan gróðuræla stað, nöfn eins og Bjarkarstígur, Espilundur og Birkilundur. Þórunnar- og Helgamagrástræti eru einnig til, nefnd eftir landnámsmönnum Eyjafjarðar, og svo framvegis. Þá er gönguferð um Krossanesborgir hrein og bein kennslustund í náttúruskoðun og í kafla sínum og JónsMagnússonar um fuglalíf leiðsegir Sverrir Thorstensen lesendum um svæðið á einkar skýran hátt. Sé hins vegar titið í ljóð og sögur norðlenskra skálda má um margt í mannlífínu fræðast og þá er ég ekki bara að tala um afrek norðlenskra þjóðskálda, heldur líka og ekki síður það sem alþýðuskáldin sömdu og skrifuðu. Nefni ég til dæmis Kristínu Sigfúsdóttur frá Kálfagerði í Eyjafirði sem sendi frá sér vinsæl leikrit án þess að hafa sjálf í leikhús komið, sögur og ljóð. Og svo skulum við ekki gleyma handanheimunum og þeim

sögum og sögnum sem tengjast þeim um allar trissur. Þar er dýrmætur arfur sem ekki má gleymast.“

Skólar áhrifamiklir í allri mótun

Bragi Guðmundsson segir fráleitt að ætla að bók af þessu tagi ýti undir heimóttarleg sjónarmið. Á tímum hnattvæðingar sé mikilvægara en nokkru sinni fyrr að efla vitund fólks fyrir sínu nánasta umhverfi. Vinna með staðarmenningu sé mikilvægt mótivægi og gefi fólki dýrmæta föttestu í að mörgu leyti rótlausum heimi. „Markmiðið er fráleitt að rækta heimóttir. Ég lít miklu frekar svo á að með því að fræða almenning og skólanemendur um þeirra nánasta umhverfi séum við að styrkja byggðirnar. Við skulum ekki gleyma því að skólar eru afar áhrifamiklir í allri mótun ungs fólks og sjálfsagt að viðfangsefni þeirra taki meðal annars mið af þjóðfélagsaðstæðum hverju sinni, svo sem í byggðamála. Öllum skólum ber að semja sér stefnuýfirlýsingu með sérstakri skólanámskrá og mér finnst sjálfsagt að þær séu annað og meira en tilbrigði við þá aðalnámskrá menntamálaráðuneytisins sem í gildi er á hverjum tíma,“ segir Bragi.

Kaflarnir í Líf í Eyjafirði eru fjórtán. Í þeim fyrsta er ítarleg umfjöllun um grenndarfræði og umhverfismennt en í bókarklok eru lögð upp dæmi um hvernig nýta megi umhverfi til vettvangsferða með leikskóla- og grunnskólabörn, framhaldsskólanema og almenning. „Í þessari bók reyni ég að tengja saman náttúru og menningu þessa svæðis og ég trúi því að blandað verði góð,“ segir Bragi um bókina sem verður hátt á fjórða hundrað blaðsíður og öll prentuð í lit. Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri gefur hana út með góðum styrk sveitarfélaga við Eyjafjörð, fyrirtækja og nú síðast frá Menningarssjóði.

—SBS